

Nr. 086 / 13 Sigga frænka ST 71**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1560
Smíðaður: Skagaströnd 1979, plast
Stærð: 6,15 brl. 4,70 bt.
Mesta lengd: 8,33 m Skráð lengd: 7,40 m
Breidd: 2,77 m Dýpt: 1,60 m
Vél: Volvo Penta 109 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 1



Sigga Frænka©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. júní 2013 var Sigga Frænka ST 71 á handfæraveiðum í Nesdýpi á Vestfjarðamiðum. Veður: N- 4-6 m/sek.

Skipstjóri ætlaði að gangsetja vélina til að kippa á veiðislóðinni en þá vildi startarinn ekki snúast og reykt lagði frá rafal. Hann hætti því öllum tilraunum til að ræsa vélina, kallaði í strandstöð og óskaði eftir aðstoð. Hrönn ÍS 303 var á landleið seinna um kvöldið og dró Siggu frænku til hafnar á Suðureyri.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að startarinn hafði verið tekin frá vélinni kom í ljós að kolin voru föst. Kolahaldararnir og kolatorinn voru hreinsaðir og startarinn settur við aftur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.